

Móttaka og úrvinnsla fyrirspurna, umsókna og tilkynninga um dýralæknisleyfi

1. Fyrirspurnir
2. Fullt leyfi
3. Leyfi til nema í dýralækningum
4. Tilkynning frá erlendum dýralækni
5. Tilkynning frá mannauðsstjóra vegna ráðninga í sláurtíð

Leiðbeiningar þessar tengjast VLY-117 um umsóknir og tilkynningar vegna starfa dýralækna eða -nema hér á landi.

### 1. Fyrirspurnir um dýralæknisleyfi/tilkynningar um tímabundin störf erlends dýralæknis

Fyrirspurnir skal vista í Ábendingarkerfi sem fyrirspurn.

**Ástæða:** Fyrirspurn

**Málaflokkur:** Dýralæknaþjónusta

**Starfsmaður:** Móttökuritari (staðg. skjalastjóri) ef fyrirspurn berst á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is) eða í gegnum heimasíðu MAST.

Berist fyrirspurn til annarra starfsmanna MAST áframsenda þeir fyrirspurnina á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Móttökuritari svarar með stöðluðum texta í tölvupósti eftir því sem við á:

#### a. Dýraheilsa>Dýralæknisleyfi>Svar vegna fyrirspurna um dýralæknisleyfi (fullt leyfi/dýralæknisleyfi)

*Sæl/Sæll*

*Umsókn 10.07 um dýralæknisleyfi er aðgengileg í þjónustugátt Matvælastofnunar*

*(<https://umsokn.mast.is/OnePortal/login.aspx?ReturnUrl=/oneportal>). Umsækjandi þarf að hafa eftirfarandi upplýsingar og gögn tiltæk til að geta sent inn umsóknina. Gögnin verða að vera á íslensku, ensku, þýsku eða skandinavísku.*

Fullt íslenskt dýralæknisleyfi:

- Afrit af prófskírteini.
- Upplýsingar um hvar dýralæknirinn hyggst hafa starfsstöð.

Leyfi fyrir dýralæknanema:

- Staðfestingu frá skóla um að umsækjandi sé í námi, hversu langt hann er kominn í náminu og vitnisburð um frammistöðu síðustu prófa.
- Staðfesting frá dýralækni, undir hvers stjórn neminn mun vinna.
- Upplýsingar hvar neminn hyggst vinna, á hvaða tímabili og við hvað.

#### b. Dýraheilsa>Dýralæknisleyfi>Svar vegna fyrirspurna um tímabundin störf erlends dýralæknis

Móttökuritari breytir stöðu fyrirspurnarinnar í stöðuna **Lokið**.

*Dear....*

*Please fill out a notification which is accessible on MAST's website ([veterinary licence](#)). The following documents must be included with the notification:*

- A copy of your European veterinary licence
- A photo of your passport.
- A confirmation of a valid veterinary licence

*Please send the notification and requested documents to [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).*

Berist frekari fyrirspurnir frá viðkomandi skal breyta stöðu fyrirspurnarinnar í **Opið** og tengja FY við fyrirspurnina sem tekur við erindinu. FY breytir stöðu fyrirspurnarinnar í stöðuna **Lokið**.

## 2. Umsókn um fullt dýralæknisleyfi

Umsókn 10.07 Umsókn um dýralæknisleyfi – Óflokkuð umsókn berst í gegnum þjónustugátt.

Móttökuritari og skjalastjóri fá tilkynningu um nýja umsókn.

Móttökuritari (staðg. skjalastjóri) skiptir um málarnúmer á málinu og sækir **10.07 Umsókn um fullt dýralæknisleyfi**.

Við það breytist málalykill úr **4.20.0 Almenn** í **4.20.1 Umsókn um fullt dýralæknisleyfi**.

Eftirtaldir starfsmenn tengjast málinu:

Yfirdýralæknir ábyrgðaraðili

Tengdir aðilar: Fulltrúi yfirdýralæknis, fagsviðsstjóri lyfjamála, sérgreinadýralæknar svína, aukaafurða og heilbrigðiseftirlits.

### Úrvinnsla

Fulltrúi yfirdýralæknis (FY) fer yfir umsókn og sannreynir að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir, m.a. prófskírteini frá lögbæru yfirvaldi viðkomandi lands, ef ekki þá kallar hann eftir frekari gögnum.

FY stofnar minnisblað í málinu „framvinda afgreiðslu“, skráir þennan áfanga í minnisblaðið og upplýsir dýralæknateymið, um það.

Teymið metur prófskírteinið, skráir niðurstöður í minnisblaðið. Teymið upplýsir umsækjanda um helstu lög, reglugerðir o.fl. sem hann þarf að kynna sér áður en teymið sannreynir þekkingu hans með viðtali. Með það er viðtöl fer skv. VLY-117. Teymið tekur viðtal við umsækjanda (gátlisti vistaður í möppu Dýralæknar/Dýralæknamál á V-drifi), skráir niðurstöður þess í minnisblaðið og upplýsir FY um það. FL þjálfar umsækjanda í notkun gagnagrunnsins Búfjárhælsu, kynnir fyrirkomulag samninga við bændur tengda afhendingu sýklalyfja, skráir það í minnisblaðið og upplýsir FY um það.

FY útbýr drengskaparheit til undirritunar og afhendir skjalastjóra það undirritað til varðveislu, en skannað skjal er vistað í málinu. FY útbýr leyfisbréf fyrir yfirdýralækni (YD) til undirritunar. FY útbýr einnig tilkynningu um læknisnúmer í málinu með því að velja sniðmát undir Dýraheilsa > Dýralæknaleyfi > Læknisnúmer (islensk/ensk útgáfa). FY sendir nýjum leyfishafa undirritað leyfi ásamt læknanúmeri viðkomandi, skannar það og vistar í málinu.

Hann færir inn leyfisnúmer og læknanúmer í excel-skjal með heitinu „Dýralæknaskrár“ sem vistað er í möppu Dýralæknar/Dýralæknamál á V-drifi. FY upplýsir lyfsala með fjölpósti um nýtt útgæfið læknanúmer og lokar máli. Netfangalisti yfir lyfsala er vistaður í sömu möppu.

## 3. Umsókn nema um leyfi til að starfa sem dýralæknir

Umsókn 10.07 Umsókn um dýralæknisleyfi – Óflokkuð umsókn berst í gegnum þjónustugátt.

Móttökuritari og skjalastjóri fá tilkynningu um nýja umsókn.

Móttökuritari (staðg. skjalastjóri) skiptir um málarnúmer á málinu og sækir **10.07 Umsókn nema um leyfi til að starfa sem dýralæknir**.

Við það breytist málalykill úr **4.20.0 Almenn** í **4.20.2 Leyfi nema til að starfa sem dýralæknir**.

Eftirtaldir starfsmenn tengjast málinu:

Yfirdýralæknir ábyrgðaraðili

Tengdir aðilar: Fulltrúi yfirdýralæknis, sérgreinadýralæknar svína, aukaafurða og heilbrigðiseftirlits.

### Úrvinnsla

Fulltrúi yfirdýralæknis (FY) fer yfir umsókn og sannreynir að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir, m.a. yfirlýsing frá skóla um að umsækjandi sér skráður í nám og staðfesting þess dýralæknis sem nemandinn mun vinna undir stjórn, ef ekki þá kallar hann eftir frekari gögnum.

FY stofnar minnisblað í málinu „framvinda afgreiðslu“, skráir þennan áfanga í minnisblaðið og upplýsir dýralæknateymið um það.

Teymið metur yfirlýsingu skóla og sannreynir að umsækjandi hafi lokið að lágmarki 3 árum og að skólinn sé viðurkenndur af íslenskum stjórnvöldum, skráir niðurstöður í minnisblaðið og upplýsir FY um það.

FY útbýr tímabundið og takmarkað dýralæknisleyfi á bréfsefni MAST með undirritun YD. Bréfið er skrifað úr málinu með því að velja sniðmát undir Dýraheilsa > Dýralæknaleyfi > *Leyfi fyrir nema*. Bréfi breytt í pdf útgáfu og sent til umsækjanda úr málinu og því lokað.

FY færir inn tímabundið leyfi í excel-skjal með heitinu „Dýralæknaskrár“ sem vistað er í möppu Dýralæknar/Dýralæknamál á V-drifi.

#### 4. Tilkynningar frá erlendum dýralæknum um tímabundið starf á Íslandi á grundvelli evrópsks dýralæknisleyfis

Tilkynning um tímabundin störf erlends dýralæknis er aðgengileg á

[https://www.mast.is/static/files/eydublod/notificationtemporaryworkiceland\\_1.pdf](https://www.mast.is/static/files/eydublod/notificationtemporaryworkiceland_1.pdf)

Tilkynningin um tímabundin störf erlends dýralæknis ásamt fylgiskjölum berst á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Móttökuritari (staðg. skjalastjóri) stofnar mál á tilkynnanda með því að fylla út **10.07 Tilkynning frá erlendum dýralækni um tímabundið starf á Íslandi í OnePortal>Aðrar tilkynningar/umsóknir**

Ef erlendur aðili á ekki íslenska kennitölu og er ekki í viðskiptavinaskrá One þarf að stofna nýjan einstakling og nota dummy kennitölu (sjá LBE-031).

Málalykill málsins er **4.20.3 Tilkynning frá erlendum dýralækni um tímabundið starf á Íslandi**.

Eftirtaldir starfsmenn tengjast málinu:

Yfirdýralæknir ábyrgðaraðili

Tengdir aðilar: Fulltrúi yfirdýralæknis, sérgreinadýralæknar svína, aukaafurða og heilbrigðiseftirlits.

#### 5. Skráningar mannauðsstjóra í tengslum við ráðningar í sláturtíð

Mannauðsstjóri skráir inn tilkynningu um tímabundin störf erlends dýralæknis fyrir MAST í OnePortal með því að fylla út **10.07 Tilkynning mannauðsstjóra vegna ráðningar í sláturtíð**.

Málalykill málsins er **4.20.3 Tilkynning frá erlendum dýralækni um tímabundið starf á Íslandi**.

Eftirtaldir starfsmenn tengjast málinu:

Yfirdýralæknir ábyrgðaraðili

Tengdir aðilar: Fulltrúi yfirdýralæknis, sérgreinadýralæknar svína, aukaafurða, heilbrigðiseftirlits og mannauðsstjóri.

#### Úrvinnsla

FY fer yfir tilkynninguna og sannreynir að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir, m.a. afrit af vegabréfi, dýralæknisleyfi útgefið í EES-landi, yfirlýsing dýralæknisins um hvar hann starfar sem dýralæknir, hvar hann mun starfa hérlendis, við hvað og hve lengi auk staðfestingar opinbers aðila um að tilkynnandi hafi gilt dýralæknisleyfi í EES-landi.

FY stofnar minnisblað í málinu „framvinda afgreiðslu“, skráir þennan áfanga í minnisblaðið

FY útbýr staðfestingu um rétt tilkynnanda til að starfa tiltekið tímabil sem dýralæknir hér á landi og hvaða störf. Staðfestingin er skrifuð úr málinu með því að velja sniðmát undir Dýraheilsa > Dýralæknaleyfi > *Frá yfirdýralækni* með undirritun YD. Bréfinu breytt í pdf útgáfu og sent tilkynnanda úr málinu og afrit á hlutaðeigandi aðila hér á landi og málinu lokað.

FY færir inn tímabundin réttindi til að starfa hér á landi sem dýralæknir í excel-skjal með heitinu „Dýralæknaskrár“

sem vistað er í möppu Dýralæknar/Dýralæknamál á V-drifi.

